

Borgarráð 15. maí 2025: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar um framkvæmdir við tjörnina MSS25050079

Óskað er eftir upplýsingum um hvers vegna framkvæmdir í stóra hólmanum í Tjörninni standa yfir á varptíma fugla og hvers vegna þeim var ekki lokið í mars 2025 eins og áætlun á framkvæmdasíðu verkefnisins gerir ráð fyrir.

Greinargerð:

Markmið framkvæmdanna er að styrkja fuglalífið á Tjörninni og bæta varpland í hólmanum. Það samræmist illa þeim markmiðum að standa í framkvæmdum á varptíma.